

# Stjórnarfundur

Fundargerð fimmtudaginn 9. janúar 2025

Mættir á skrifstofu félagsins: Árni Sverrisson, Heimir Karlsson, Tryggvi Eiríksson Einar Eiríksson og Páll Ægir Pétursson

Á fjarfundi: Pálmi Gauti Hjörleifsson, Kristinn Hólm, Vignir Traustason og Friðrik Höskuldsson, Jón Frímann Eiríksson var veikur.

Formaður (ÁS) bauð alla velkomna og setti fundinn kl. 12:30.

## Dagskrá

- Sameiningarmál FS við Vísi í Reykjanesbæ.** Formaður sagði frá því að formaður Vísis félags skipstjórnarmanna á suðurnesjum hefði haft samband og sagt að samþykkt hefði verið á aðalfundi Vísis á milli háttíða að óska eftir sameiningu við Félag skipstjórnarmanna. Allir stjórnarmenn voru samþykki því að Árni fengi umboð stjórnar til að ræða við Jóhann um að Vísir sameinist FS. Um er að ræða 60 virka félagsmenn í Vísi og 80 óvirka.
- Nýr bústaður í Skorradal og íbúðakaup.** Tilboð okkar í sumarhúsið Vatnsendahlíð 175 í Skorradal að upphæð 70 milljónir króna var samþykkt. Samþykkt að kaupa innbú á eina milljón kr. Landeigandi hefur endurnýjað lóðarleigusamning við félagið að upphæð 285.116 kr. á ári. Formaður fer í undirskrift kaupsamnings þann 14. janúar, áætluð afhending er 15. febrúar. Bárður Tryggvason fasteignasali á Gimli, kom á fundinn og sagði frá því að hann hafi skoðað íbúðirnar okkar í Ásholt 26 og 36 og einnig í Neðstaleiti 2 m.t.t. söluverðs. Bárður skoðaði einnig nýjar hentugar íbúðir á mismunandi stöðum í Reykjavík. Það er hentugur tíma núna að fara út í fateignakaup og sagði Bárður það alltaf örugg fjárfesting að kaupa fasteign. Íbúðir hækka alltaf í verði hvort sem markaðurinn er sölu- eða kaupendavænn. Fundarmenn voru sammála því að kaupa fjórar íbúðir og helst í sama húsinu ef hægt er en að hverri íbúð verði að fylgja bílastæði í bílastæðhúsi. Samþykkt var að fela Bárði að skoða með formanni kaup á fjórum nýjum íbúðum, helst í sama húsinu.
- Styrkir og sjúkradagpeningar.** Styrkir og sjúkradagpeningar voru 79.895.893 kr. 2024, en tekjur styrktarsjóðs voru 87.324.904 kr. Útgreiðslur hafa hækkað mikið, einkum vegna sjúkradagpeninga, en þeir voru 51 milljónir 2024, en 27 milljónir árið 2023, ástæðan er aukin veikindi. Formaður sagði að hans skoðun væri að allir peningar sem rygnu til félagsmanna til að iðka líkamsrækt og heilsuefningu væri vel varið og voru allir sammála því. Ákveðið var að hækka styrki um 5% nema íþróttastyrk sem hækkar í 100 þús.krónur. Formaður sagði að við þyrftum að skoða sjúkradagpeningakerfið, við greiðum kauptryggingu rúm 650 þús, á mánuði í allt að einu ári, en sum félög greiða 90% af meðaltekjum undangenginna 6 mánaða, með ákveðnu hámarki. Samþykkt að skoða og taka ákvörðun síðar.
- Orlofskerfi, nýr Frímann.** Formaður sagði frá nýju orlofskerfi og útskýrði hvernig á að nota kerfið sem er notendavænt og betra en gamla kerfið. Þetta kerfi verður kynnt á heimasíðu félagsins innan tíðar. Frímann tengist DK bókhaldskerfinu okkar og því er mikil hagræðing.
- Önnur mál.****Ábyrgð skipstjóra.** Formaður sagði frá því að til stæði að svipta Vestmannaey veiðileyfi í tvær vikur nú í janúar 2025 vegna þess að í desember 2023 fyrir rúmu ári síðan hefði skipið landað 75 tonnum af fiski á Norðfirði. Þau mistök urðu að vörubílstjóri gerði þau mistök að fara með 10 tonn af ýsu áleiðis til Dalvíkur án þess að hún hefði verið viktud. Vörubílstjórinn var stöðvaður af lögreglu á Eskifirði og viðurkenndi hann strax að hafa gleymt að fara á viktina og taka nótu eins og honum bar að gera. Skv. reglugerð er skipstjóri ábyrgur fyrir því að allur afli skips sé

viktaður. Formaður sagðist hafa skrifað atvinnuvegaráðherra tölvupóst á nýársdag þar sem hann krafðist þess að sviptingin yrði dregin til baka og málið látið niður falla. Hann sagðist myndu fylgja málinu eftir á fundi með ráðherra nú í janúar. Það er óásættanlegt að skipstjóri beri ábyrgð á því að þriðji aðili geri mistök eða fremji brot, þessu mun ég koma á framfæri við ráðherra og óska breytinga á reglugerðinni.

**Strandveiði.** Allnokkur umræða var um strandveiði, en ríkisstjórnin hefur sagt að strandveiðibátum verði tryggðir 48 veiðidagar á árinu 2025, en veiðidagar voru 34 á árinu 2024 og veiddust 12.665 tonn. Miðað við að veiðidagar verið 48 eru miklar líkur á því að heildaraflinn fari í allt að 20.000 tonn eða jafnvel meira, þar sem fyrirsjáanlegt er að bátunum mun fjölga úr 756 á árinu 2024 í óræða tölu vegna þess að nú þegar er hafin nýsmíði báta inn í kerfið og fyrirsjáanlegt að einhverjir kvótalausir grásleppubátar munu bæstast í kerfið. Skiptar skoðanir eru um málið, en stjórnin er einhuga um að heildarafli sem ætlaður er til strandveiða þarf að vera ákveðinn.

**Aflaregla ufsa.** Formaður sagði frá því að hann væri í nefnd sem hefði það hlutverk að endurskoða aflareglu í ufsa. Nefndin hefði verið sett á stofn vegna þess að í mörg undanfarin ár hefur ekki náðst að veiða úthlutaðar aflaheimildir. Aflamark sl. fimm ár er að meðaltali 75.000 tonn á ári, óveitt er að meðaltali 23.000 tonn á ári, eða 30% af úthluðu aflamarki veiddust ekki, samtals 115.000 tonn sl. fimm ár. Formaður sagðist hafa rætt við marga skipstjórnamenn um skoðun þeirra á málinu og hvað væri til ráða. Menn væru sammála um að því miður væri ufsastofninn í slæmu ástandi, hann væri ofmetinn, það þyrfti að minnka aflaheimildir verulega, menn tali um að færa þurfi ráðgjöfina að veiðinni undanfarin ár, eða jafnvel neðar. Sókn í ufsa er alltof mikil, vegna mikils kvóta, hás verðs á afurðum og að veiðigjald á ufsanum er lágt, þá eru skipstjórar hvattir til að veiða hann. Menn eru sammála um að ufsinn væri hraðvaxta fiskur þannig að bregðast þurfi hratt við bæði til minnkunar á kvóta og einnig til aukningar þegar stofninn braggast. Formaður sagðist nýta upplýsingar frá félagsmönnum inn í nefndina.

**Tilgreind séreign.** Spurt var um tilgreinda séreign, vegna þess að borið hefur á því að sölumenn erlendra sjóða hafa verið að nálgast áhafnir skipa og bjóða þeim að ráðstafa tilgreindu séreigninni í erlenda sjóði. Eins og menn muna þá var í kjarasamningum sjómanna á fiskiskipum samið um að atvinnurekendur greiða nú 3,5% meira í lífeyrissjóð og mönnum er heimilt að ráðstafa því í tilgreinda séreign. Formaður sagði frá því að á fundi fulltrúaráðs Gildis lífeyrissjóðs fyrir áramót hefði verið komið inn á að mjög margir væru að setja 3,5% framlag atvinnurekenda í tilgreinda séreign í erlendum sjóðum, Bayern, Alliance og fleiri. Formaður hvatti menn til að kynna sér vel annars vegar ávöxtun og hins vegar kostnað hjá þessum sjóðum, en á fundi Gildis kom fram að kostnaðurinn er í sumum tilfellum mikill hjá erlendu sjóðunum. Nánari upplýsingar eru á heimasíðu Gildis.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 14:10



Árni Sverrisson formaður



Árni Sverrisson fundarritari